

### Markmið:

Megintilgangur dönskunáms er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota tungumálið sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Námið á að leiða til þess að nemendur öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli af ólíkum toga og til að beita málinu í samskiptum.

### Kennsluaðferðir/vinnulag:

Notast er við fjölbreyttar kennsluaðferðir þar sem nemendur þjálfast í lestri, ritun, töluðu máli og hlustun. Haust: haldið áfram með námsefnið Smart sem frá var horfið í 7. bekk. Valdir textar úr köflunum Dyrenes verden, Nu spiser vi, Skolen, og byen.

Námsefnið Tak valdir textar úr köflunum: Hjemmet, Familien og Fritid og interesser.

Á vorönn: Fra barn til voksen, Vi er alle forskellige og Krop og følelser. Nemendur vinna ýmist verkefni sjálfstætt, í þörum eða litlum hópum. Fyrir utan námsbókarvinnu gefst nemendum tækifæri á að vinna ýmis verkefni á skapandi hátt og fá tækifæri til að skila afurðinni á mismunandi hátt.

Nemendur hafa ekki vinnubækur, heldur nota forritið Classkick í Ipad.

### Námsmat:

Námsmat byggist á ýmsum verkefnum t.d. munnlegum, verklegum og skriflegum sem tengd eru hæfniviðmiðum Aðalnámsskrár. Framvinda námsins er skráð jafnt og þétt allt skólaárið í Mentor á hæfnikort nemanda. Námsmat er skráð með hæfnitáknum á unglingastigi en, við lok skólaárs er námsmat skráð með bókstöfum.

### Námsgögn:

Smart lesbók <https://mms.is/namsefni/smart-nemendabok-rafbok>

Smart verkefnabók <https://mms.is/namsefni/smart-vinnubok-rafbok>

Tak lesbók <https://mms.is/namsefni/tak-grunnbok>

Tak verkefnabók <https://mms.is/namsefni/tak-verkefnabok-a-rafbok>

Sjónvarpsþættirnir Mille

Danskar kvikmyndir